

Ávarp Jóns Atla Benediktsson, rektors Háskóla Íslands

Geðveik nýsköpun

Hátíðasalur Háskóla Íslands, 30.9.2020

Góðir áheyrendur.

Komið þið sæl og velkomin á þennan fyrsta viðburð Nýsköpunarviku sem fer nú fram í fyrsta sinn en Háskóli Íslands er bakhjarl vikunnar.

Upphaflega stóð til að halda vikuna í vor en vegna kórónuveirufaraldursins var viðburðum frestað fram á haust. Veiran er vissulega enn á sveimi í samfélaginu en aðstandendur vikunnar hafa ákveðið að nýta tæknina, sem nýsköpunin hefur einmitt fært okkur, og standa fyrir fjölda viðburða á netinu í samstarfi við fyrirtæki, félög og stofnanir.

Háskóli Íslands er þar á meðal enda er nýsköpunarstarf bæði meðal starfsfólks og nemenda á öllum fræðasviðum skólans mjög blómlegt og ég hvet ykkur eindregið til að kynna ykkur dagskrá vikunnar á nyskopunarvikan.is

Yfirskrift þessa fyrsta viðburðar Nýsköpunarvikunnar er Geðveik nýsköpun og hér á eftir fáum við að kynnst tveimur forvarnaverkefnum á sviði geðheilbrigðismála sem hafa verið þróuð innan Háskólans og byggjast annars vegar á ítarlegum rannsóknum vísindamanns við skólann og hins vegar glæsilegu frumkvæði nemenda. Nýsköpun er nefnilega svo fjölbreytt. Hún snýst ekki bara um að finna upp tæki og tól sem geta á einhvern hátt auðveldað líf okkar heldur líka um að finna nýjar aðferðir og miðlunarleiðir til þess að bæta samfélagið með einhverjum hætti. Háskóli Íslands leggur áherslu á að rannsóknir og starf skólans takist á við þær flóknu áskoranir sem Ísland og heimurinn stendur frammi fyrir og endurspeglast m.a. í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Óhætt er að segja að bæði þessi verkefni falla þar vel að.

Aðstandendur verkefnanna tveggja, sem kynnt verða hér í dag, hafa báðir virkjað krafta sína til að fræða og styðja ungt fólk í baráttunni við geðlæggðir og geðsjúkdóma en rannsóknir hafa sýnt að allt að fjórðungur ungmenna geti glímt við alvarlegt þunglyndi eða óyndi áður en framhaldskóla lýkur. Það skiptir því miklu máli að forvarnir og fræðsla fyrir þennan hóp sé öflug, ekki síst nú þegar

heimsfaraldurinn dæmir okkur öll til aukinnar félagslegrar einangrunar sem getur skapað mikla vanlíðan.

Verkefnin sem við munum nú heyra meira um heita Hugur og heilsa og Hugrún – geðfræðslufélag.

Hugur og heilsa er hugarfóstur Eiríks Arnar Arnarsonar, prófessors emeritus og sérfræðings í klíniskri sálfræði, en hann hefur þróað forvarnanámskeið sem byggist á aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar og er ætlað að koma í veg fyrir alvarlega geðlægd hjá ungmendum sem ekki hafa greinst með hana. Eiríkur er hingað kominn og ég býð hann velkominn í pontu.

Ég býð næst velkomna á svið Rögnu Guðfinnu Ólafsdóttur, fræðslustjóra Hugrúnar – geðfræðslufélags. Félagið stofnuð nemendur í hjúkrunarfræði, læknisfræði og sálfræði við Háskóla Íslands fyrir um fjórum árum. Hugrún hefur á hverju ári virkjað tugi háskólanema úr Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Akureyri og nestað þá vel fyrir heimsóknir í framhaldskóla. Þar ræða fræðararnir við nemendur um geðheilbrigði, geðraskanir og úrræði sem ungu fólki stendur til boða. Félagið heldur enn fremur út öflugri vefsíðu með fróðleik fyrir ungt fólk um þennan málaflokk á þremur tungumálum, íslensku, ensku og pólsku.

Þá er komið að lokum hjá okkur að þessu sinni en ég vek athygli á því að strax á morgun, fimmtudag, kl. 16.30 er komið að næsta viðburði Háskóla Íslands í Nýsköpunarvikunni. Þá munu fulltrúar úr Team Spark, kappaksturliði Háskóla Íslands, fara yfir þá fjölbreyttu nýsköpun sem fylgir smíði rafmagnskappakstursbíls. Liðið hefur árlega smíðað einn slíkan og att kappi við lið hvaðanæva úr heiminum á alþjóðlegum kappakstursmótum verkfræðinema. Þeim viðburði verður einnig streymt.

Takk fyrir að horfa og veriði sæl.